

Draumur hjarðsveinsins

(Í birkilaut hvíldi ég)

Steingrímur Thorsteinsson

Ísólfur Pálsson, 1904

Radds.: A. Lundh

Moderato

1. Í birk - i - laut hvíld - i ég bakk - an - um á. Þar bun - að - i

DRAUMUR HJARÐSVEINSINS

Í birkilaut hvíldi ég bakkanum á.
 Þar bunaði smálækjar spræna.
 Mig dreymdi að í sólskini sæti ég þá
 hjá smámei við kotbæinn græna.

Og hóglega í draumnum með höfuð ég lá
 í hnjam hinnar fríðustu vinu.
 Og ástfanginn mændi ég í augun hin blá
 sem yfir mér ljómandi skinu.

Úr fíflum og sóleyjum festar hún batt.
 Þær fléttur hún yfir mig lagði.
 Þá barðist mér hjartað í brjóstinu glatt
 en bundin var tungan og þagði.

Loks hneigir hún andlitið ofan að mér
 svo ilmblæ af vörum ég kenni.
 Ó, fagnaðar yndi hve farsæll ég er.
 Nú fæ ég víst kossinn hjá henni.

En rétt þegar nálgadist munnur við munn,
 að meynni var faðmur minn snúinn,
 þá flaug hjá mér þróstur svo þaut við í runn
 og þar með var draumurinn búinn.